



**Svanurinn
fyrir umhverfið
og heilsu**

Fréttabréf Svansins

Apríl 2011

Staða leyfa

Í dag eru 15 íslensk fyrirtæki með umhverfisvottun Svansins og þeim fer ört fjölgandi. Nýjasta fyrirtækið til að bætast í hópinn er Hótel Rauðaskriða í Aðaldal sem er í dag eina Svansmerkta hótel landsins. Hótel Rauðaskriða stóðst úttekt í byrjun mars og við óskum þeim hjartanlega til hamingju með það. Þess er þó væntanlega ekki lengi að bíða að fleiri hótel bætist við.

Mörg fyrirtæki eru nú þegar í umsóknarferli og í hverri viku berast fyrirspurnir frá áhugasömum aðilum sem vilja kynna sér Svaninn nánar. Við hjá Svaninum finnum fyrir auknum áhuga á umhverfismálum almennt í samfélaginu sem styrkir Svaninn á allan hátt. Þessi hægfara en sterka undiralda og aukin meðvitund neytenda er frjór vettvangur fyrir það markaðstæki og neytendamerki sem Svanurinn er.

Verið er að endurskoða viðmið Svansins fyrir prentsmiðjur og prentgripi. Tillögur að uppfærðum og hertum viðmiðum eru í opnu umsagnarferli og er öllum frjálst að skila inn athugasemdum. Upplýsingar má nálgast á <http://ust.is/atvinnulif/svanurinn/vidmid/> undir „Viðmið í endurskoðun“.

Kynningarmál

Ný heimasíða Umhverfisstofnunar leit dagsins ljós í mars en þar undir er heimasíða Svansins. Vefur UST er nú tvískiptur líkt og Svansvefurinn, þ.e. einn vefur fyrir almenning og annar fyrir atvinnulíf. Vefurinn er ennþá í vinnslu en hann býður upp á mikið af nýjungum. Þar á meðal er undirsíðan Grænn lífstíll en með henni er stofnunin í fyrsta sinn að beina sjónum sínum að fræðslu fyrir almenning. Síðan verður kynnt betur þegar á líður árið og þá í góðu samstarfi við Svaninn. Fyrirhugað er kynningarátak á Svansmerkinu sem miðast að því að kynna foreldrum kosti þess að nota Svansmerktar vörur fyrir börn en verkefnið mun bera yfirskriftina „Ágætis byrjun“ og verður kynnt betur síðar.

Svanurinn tekur þátt í Grænn apríl og auglýsir einnig í tímaritinu í boði náttúrunnar. Þessar auglýsingar eru almenns eðlis og tilgangur þeirra er svo kallaður „label recognition“, þ.e. að fá fólk einfaldlega til þess að þekkja merkið í sjón.

Mannabreytingar

Sigurður Eyberg er floginn frá okkur í bili en í hans stað kemur Anna Sigurveig Ragnarsdóttir sem hóf störf í lok febrúar. Netfangið hjá henni Önnu Sigurveigu er anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is.